

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr.:

a. Fyrirsögn greinarinnar verður:

*Kennsla, kennsluhættir, meðferð heimilda og skil lokaritgerða.*

b. Á eftir 4. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Stúdentar skulu skila lokaritgerðum á bakkalár- og meistarastigi rafrænt í gagnasafnið skemman.is sem vistað er hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni á formi sem safnið ákveður. Sviðsstjóri kennslusviðs getur veitt heimild til að skila lokaritgerð á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lyfjafræðideild veitir kennslu og þjálfun sem hér segir:

a. Til BS-prófs í lyfjafræði.

b. Til MS-prófs í lyfjafræði (jafngilt cand. pharm.-prófi, embættisprófi í lyfjafræði).

c. Til MS-prófs í lyfjavísindum.

d. Til MS-prófs í klínískri lyfjafræði.

e. Til doktorsprófs í lyfjafræði og lyfjavísindum.

f. Ennfremur til meistara- og doktorsprófs í lýðheilsuvísindum og öðrum þverfræðilegum greinum í samvinnu við aðrar háskóladeildir, þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

b. Á eftir 2. málslíð 11. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Framhaldsnám til meistara-prófs í klínískri lyfjafræði er 90 einingar.

#### 3. gr.

Á eftir 2. málslíð 6. mgr. 100. gr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Til meistara-prófs í klínískri lyfjafræði skal kennslu hagað þannig, að ljúka megi náminu á þremur árum eftir MS-próf.

#### 4. gr.

Í öðrum málslíð b-liðar 1. mgr. 115. gr., á eftir orðunum „sbr. 1. mgr. 109. gr.“, bætast við orðin: og hugmynda- og vísindasaga, í samvinnu við raunvísindadeild.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. desember 2015.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*